



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

Stjórnarfundur haldinn í húsnæðir Þyts þann 1. Október 2024

Fundur hófst: 20:05

Fundi slitið: 23:25

Fundinn sátu: Markús Elvar Pétursson, Helga Veronica Foldar, Þóra Z. Þórðardóttir, Freydís Björnsdóttir, Thomas Viderö og Rán Pétursdóttir

Funargerð ritaði: Rán

Dagskrá

1. Samþykkt fundargerða

- Fundargerðir frá 21. Maí og 16. Júlí samþykktar.

2. Myndavélamál

- Viðkvæmt mál rætt sem ekki er hægt að fjalla um í fundargerð.

3. Drög að samningi við sportkafarafélagið

- Markús stakk upp á fyrsta fundi að horfa frá sameiningarmálum til að byrja með vegna tímaleysis og horfa frekar til samvinnumála við góðar undirtektir sportkafarafélagsins.
- Við erum að horfa á að 50 fullorðna félagsmenn en þeir hafa hug á að byrja með barnastarf og sjá kost í samstarfi við Þyt til þess.
- Markús er kominn með tillögu að aðstöðu fyrir pressur í salnum þar sem Optimist seglin eru geymd núna, en lagði til að breytingar verði gerðar á endurkræfar svo hægt sé að breyta því til baka ef þess þarf. Kafarafélagið kostar breytingar á húsnæðinu.
- Lagt til að pressukvöld verði á miðvikudögum og að nokkrir aðilar hafi aðgang að húsinu. Þeir fá aðgang að gæslubátum fyrir köfunarferðir sem þeir standa fyrir en það þarf að finna verð á fermetrana sem þeir fá til afnota, verð á rafmagni til þeirra, verð á afnotum á gæslubátum.

4. Aðstöðumál og félagsfundur

- Stjórn fór yfir nýtt deiliskipulag á flensborgarhöfninni og reit Þyts.
- Það liggur fyrir að Þytur þarf að ganga eftir fjármagni til breytinga á húsnæði starfsseminnar en breytingar þurfa að eiga sér stað á húsnæðinu til að samrýmast nýju skipulagi.
- Stjórn þarf að kynna sér deiliskipulagið vel þar sem þetta er skipulagið sem Þytur þarf að rýmast innan.
- Aðstöðunefnd komst að þeirri niðurstöðu að ekki sé ástæða til að nýta réttinn til að koma með athugasemdir þar sem Þytur er að fá það sem óskað var eftir. Aðstöðunefnd vill að haldinn sé félagsfundur þar sem almennir félagsmenn þar sem kynnt er deiliskipulagið og félagsmenn geta komið með ábendingar til stjórnar.



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

- e. Stjórn samþykkir að félagsfundur verði haldinn fimmtudagurinn 10. Október í næstu viku kl. 20:00

f.

5. Sumarslúttið

- a. Þórhallur greip boltann og fær þakkir fyrir frá öðrum stjórnarmeðlimum en þetta gekk mjög vel og var mjög vel sótt.

6. Fjöldi æfinga yngri hópsins og fyrirkomulag

- a. Markús ræddi við Tóbý, Jóhannes og Veronicu um að sjá um æfingarnar hjá yngri hópnum í vetur. Fyrirkomulagið verður þannig að þau sjá sitt á hvað um sína æfinguna og hinir geta mætt og hjálpað en eiga ekki að stýra æfingunni heldur aðeins aðstoða. Stjórn samþykkir þetta fyrirkomulag.
- b. Miðvikudag, Föstudag og Laugardag eru þeir dagar sem æfingar verða.
- c. Þetta fyrirkomulag byrjar 15. Október og verður keyrt til 15. Mars.

7. Peningastaða félagsins

- a. Fjárhagstaða Þyts er nokkuð góð og á Þytur rétt yfir 15 milljónir.
- b. Eftir sumarið er alltaf mikil viðhaldsþörf á búnaði klúbbsins.
- c. Þytur á eftir að fá greitt fyrir einn mánuð af sumarstarfi frá Hafnarfjarðarbæ, það á einnig eftir að rukka rafmagnið og geymslugjöld fyrir báta.

8. Laun til Arons fyrir vinnuna á opnum húsum

- a. Aron stóð sig mjög vel og kláraði tímana sína og það þarf að gera það upp við hann.
- b. Markús þarf að skila tímunum til Helgu Veronicu svo hún geti greitt Aroni.

9. IBH fulltrúaráðsfundur

- a. Fulltrúaráðsfundur 10. Október, Markús mætir og einn í stjórn þarf að mæta með, enginn býður sig fram.

10. Önnur mál

- a. Efni í hillur – þarf að sækja það þar sem að Marek er kominn aftur.
- b. Markús útskýrði loftræstimál, undirrituð skyldi ekki alveg.
- c. Stóra stýrismálið, það þarf aðeins að gera við stýrið á Skeglu og Markús ætlar með það niður í Trefjar og laga það. Þá er hægt að sjósetja hana.
- d. Miklar umræður um að klúbbsmeðlimir séu með bátakost sinn inn í húsi og umgengni meðan á því stendur og hvernig það fellur að starfi hússins á meðan á því stendur. Það þarf því að koma í veg fyrir að slíkt gerist aftur þegar að menn eru að fá að vinna í bátum sínum innan hússins.
- e. 4 ára barn datt á milli þar þegar hún var að labba á landganginum af flotbryggjunni á opnu húsi. Hún lenti í grjóttgarðinum og var sem betur fer í björgunarvesti sem tók fallið svo hún slapp tiltölulega ómeidd. Það þarf að bæta öryggi landgangsins svo hægt sé að koma í veg fyrir að þetta komi fyrir aftur.